

# **Samskipta- og siðareglur**

## **Eftirlaunasjóðs FÍA**

### Markmið reglnanna

Stjórn sjóðsins samþykkir eftirfarandi siða- og samskiptareglur stjórnarmanna og þeirra starfsmanna sem starfa fyrir EFÍA.

Stjórn EFÍA og starfsmenn sem starfa fyrir EFÍA gera sér ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að hafa umsjón með fjármunum sem eru í eigu sjóðfélaga. Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Stjórn EFÍA áréttar mikilvægi þess að slík samskipti byggji á almennum grunnreglum sem tryggi gott viðskiptasiðferði og hagsmuni sjóðfélaga. Með undirritun þessara samskipta- og siðareglna skuldbinda stjórn sjóðsins og þeir sem starfa fyrir EFÍA sig til að hlíta reglunum eins og þær eru á hverjum tíma

### Góðir starfshættir

Stjórn og þeir sem starfa fyrir EFÍA skulu halda í heiðri þá frumskyldu sína að fylgja þeim lögum og reglum sem starfsemi lífeyrissjóða er sett á hverjum tíma. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur. Sjóðurinn skal hafa góða samvinnu við eftirlitsaðila og veita þeim aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þeir þarfnast til að sinna störfum sínum.

Sjóðurinn skal hafa heiðarleika og trúmennsku að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Gæta skal þess að stjórnskipulag hans og stjórnþæki geri það að verkum að starfsemin sé hagkvæm og áhættustýring sé góð. Það er stefna sjóðsins að fjárhagsstaða hans sé ávallt nægjanlega traust til að hann geti staðið við skuldbindingar sínar.

Sjóðurinn skal ávallt hegða sér á markaði í samræmi við góðar siðareglur þar að lútandi sbr. verklagsreglur sjóðsins um verðbréfavíðskipti.

Sjóðurinn skal í allri starfsemi sinni gæta hagsmuna sjóðfélaga sinna og veita þeim eins góða þjónustu og hann hefur tök á. Gæta skal þess að sjóðfélagar fái ávallt nægjanlegar upplýsingar um stöðu sína og rétt, eigi auðvelt með að nýta sér þjónustu sjóðsins og fái sanngjarna og réttláta afgreiðslu. Sjóðurinn skal ávallt leitast við að veita viðeigandi og hlutlæga ráðgjöf til sjóðfélaga sinna.

JM 510  
Fg  
UH  
Lm  
Lm  
BWB  
144

### Upplýsingagjöf og hagsmunaárekstrar

Til að sjálfstæði og trúverðugleiki EFÍA verði tryggt þarf að ríkja gagnsæi við ákvarðanatöku innan hans. Stjórnarmönnum og þeim sem starfa fyrir EFÍA ber að vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til hagsmunaárekstra, t.a.m. gagnvart fjölskyldu, vinum, fyrirtækjum eða félögum. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar tengdir starfsemi sjóðsins skaði hagsmuni hans og sjóðfélaga hans. Það er hlutverk stjórnar og annarra stjórnenda sjóðsins að leysa úr álitamálum sem upp koma um tengsl af þessum toga.

Þar sem upp koma hagsmunaárekstrar í samskiptum sjóðsins við aðra, eða í samskiptum sjóðfélaga innbyrðis vegna málefna sjóðsins skal sjóðurinn ávallt leitast við að tryggja sanngjarna og réttláta niðurstöðu.

Stjórnarmenn og þeir sem starfa fyrir EFÍA mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlíðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

### Gjafir og boð

Stjórn og þeim sem starfa fyrir EFÍA er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum sjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum, eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við sjóðinn. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila.

Sé stjórnarmaður eða sá sem starfar fyrir EFÍA í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf eða boð skal hann leita álits stjórnarformanns og skal það bókað á stjórnarfundum.

### Boðsferðir og starfstengdar ferðir

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like 'HH', 'JH', 'KG', 'STO', 'HH', 'BB', and '100'.

Stjórnarmönnum og þeim sem starfa fyrir EFÍA er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir og golfferðir. Stjórnarmönnum og þeim sem starfa fyrir EFÍA er þó heimilt að sækja kynningar um fjárfestingarkosti sem eru til þess fallnar að afla upplýsinga eða þekkingar sem að gagni koma við rekstur sjóðsins og gera þannig viðkomandi hæfari til að sinna starfi sínu. Kyningarnar skulu hafa skýrt kynningarinnihald sem byggir á gögnum sem lögð eru fram því til stuðnings. Slíkum gögnum skal haldið til haga í minnst eitt ár. Krefjist slíkar kynningar ferðalaga skal það tekið fyrir á stjórnarfundum og formleg heimild veitt til þess. Lífeyrissjóðurinn skal halda yfirlit um þær ferðir sem stjórnarmenn fara í vegna starfa sinna.

### Brot á reglum

Brot á reglum þessum skal taka fyrir á stjórnarfundum til afgreiðslu.

Reykjavík, dags. 20.03'13

J. Haukur Þurmes

Alfgrímur

Tristram Ejlsson

Lífeir Þorinnsson

Skurta Ómarsson

Boji Þorgerð

Linna Gunnarsdóttir

[Signature]

REYKJAVÍK 23.05.2013

Kristín Þórunn

Gullaug

Ó. Þorðs

IRIS H. ÞÓRISD.

[Signature] 27.05.15